

Miðvikudaginn 24. marz 1965.

Nr. 137/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Ögmundi Jónssyni (Örn Clausen hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og
 Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og
 Theodór B. Lindal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt gögnum málsins er í ljós leitt, að ákærði hefur gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er sakaður um í ákæruskjali. Varðar hún við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 1. mgr. 80. gr. og 2.—3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Ákærði ók bifreið sinni skamman spöl, innan við 10 metra, á bifreiðastæði án þess að aka út á akbraut. Af sjálfsdáðum hætti hann við frekari akstur, skildi bifreiðina eftir á stæðinu og var í þann mund að stiga upp í leigubifreið, er lögreglumennina bar að. Að svo vöxnu máli og samkvæmt undirstöðurökum 7. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 og svo með skirskotun til 3. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa og ökuleyfissvipting ákærða ákveðst 2 mánuðir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ögmundur Jónsson, greiði í ríkissjóð 1.000 króna sekt, og komi varðhald 5 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1964.

Ár 1964, föstudaginn 6. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1582/1964: Ákærvaldið gegn Ögmundi Jónssyni, sem tekid var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1963, höfðað gegn ákærða, Ögmundi Jónssyni verkstjóra, Hringbraut 39, Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 21. júní 1963 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 6796 nokkurn spöl á bifreiðastæði við norðurhlið Hótel Sögu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. apríl 1918 að Hvoli, Ölfusi, Árnæssýslu.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1848 18/5 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1950 1/9 Rvík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjólí.
- 1952 11/9 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1953 12/12 Rvík: Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
- 1955 16/7 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 26. gr. bifreiðalaga.
- 1956 11/1 Rvík: Áminning fyrir of marga farþega í bifreið.

- 1956 30/1 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lög-reglusamþykktar.
- 1958 18/11 Rvík: Áminning fyrir brot á 37. gr. umferðarlaga.
- 1959 14/10 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1960 18/7 Rvík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 13/9 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 15/11 Rvík: Áminning fyrir ölvun.
- 1961 3/5 Rvík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 9/8 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og lögreglu-samþykktarbrot.
- 1963 24/9 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt föstudagsins 21. júní 1963, klukkan 0124, urðu lögreglumenn varir við, að ákærði ók bifreiðinni R 6796 frá stæði við Hótel Sögu og í lítinn hring þar við bifreiðastæðið, en síðan stöðvaði ákærði bifreiðina á bifreiðastæði þar rétt við. Lögreglumenn höfðu þá tal af ákærða, sem var að stíga inn í leigubifreið. Kvaðst ákærði hafa neytt lítils háttar áfengis og því hætt við að aka bifreiðinni R 6796.

Ákærði hefur fyrir dómi jatað að hafa ekið bifreiðinni greint sinn lítinn spöl við Hótel Sögu. Kvaðst ákærði hafa neytt lítils háttar áfengis og ekki hafa verið alveg laus við áfengis-áhrif og því af sjálfsdáðum hætt við frekari akstur bifreiðarinnar.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi reducerandi efni, er samsvara 0.77% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játn-ingnu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hon-um er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæð-um þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ögmundur Jónsson, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 mánuð frá birtingu dóms að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. marz 1965.

Nr. 53/1964. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jónmundi Gíslasyni (Stefán Pétursson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línal.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Saksóknari ríkisins hefur lýst því fyrir Hæstarétti, að í ákæruskjali sé af misgáningi vísað til 2. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sem fjallar um veiðar erlendra skipa í íslenzkri fiskveiðalandhelgi. Í þess stað hefði um meint brot ákærða átt að vísa til 3. gr. nefndrar reglugerðar og 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958. Með því að ákærði gat ekki verið í vafa um, hvaða verknaður honum var gefinn að sök, enda ljóst af öðrum lagaákvæðum, sem til er vitnað í ákæruskjali, og vörn hefur ekki orðið áfátt af þessum sökum, þá er heimilt samkvæmt 118. gr. laga nr. 82/1961 að taka þessa leiðréttingu ákæruvaldsins til greina.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur af hálfu ákærða verið aflað álitsgerða Páls Ragnarssonar siglingafræðings og af hálfu saksóknara ríkisins álitsgerða Jónasar Sigurðssonar,